



17.12.2015

Málsnr.: 1512020

Minnisblað

Endurskoðaðar reglur um launalaus leyfi og lækkað starfshlutfall

Ákveðið hefur verið að taka til endurskoðunar reglur bæjarins um launalaus leyfi og lækkað starfshlutfall. Var talin ástæða til að hafa reglurnar aðeins nákvæmari og ítarlegri.

Meðal þess sem bætt hefur verið við er:

- Talað er um að starfsmenn geti sótt um launalaust leyfi til viðkomandi forstöðumanns, að umsókninni þurfi að fylgja fullnægjandi gögn og að umsókn þurfi að berast með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara.
- Hámarks tími leyfis er 12 mánuðir og nú eru tilgreindar sérstakar ástæður sem þurfa að liggja til grundvallar eigi að veita sama starfsmanni endurtekiði leyfi. Aldrei er þó veitt lengra leyfi en til tveggja ára.
- Tilgreindar eru ástæður sem þurfa að vera til staðar fyrir samþykkt umsóknar.
- Tekið er fram að ekki sé veitt launalaust leyfi hyggist starfsmaður ráða sig til annarra starfa utan bæjarins.
- Tekið er á því hvernig beri að standa að því ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust leyfi.
- Fáir starfsmaður synjun sem hann telur ekki vera í samræmi við reglurnar getur hann skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarráðs.
- Vísað er ákvæða kjarasamninga m.t.t. þess að reglurnar rýrir ekki umsaminn rétt starfsmanna skv. þeim.

Berglind G. Bergþórsdóttir,
mannauðsstjóri